

Ferðaklúbburinn 4x4

Skipunarblað Ferðafrelsisnefnd 4x4



Nefndin er stjórnskipuð og heyrir undir stjórn F4x4.

Hlutverk hennar er að:

- Verja frelsi almennings til að ferðast um hálendi Íslands.
- Móta stefnu Ferðaklúbbsins um ferðalög á hálendinu.
- Leggja fram tillögur um opnun og eða lokun slóða fyrir hönd klúbbsins ef þurfa þykir.
- Tillögur þessar skulu unnar í samráði við deildir klúbbsins þar sem þær hafa hagsmuni að gæta.
- Vera ráðgefandi um leiðir að og við Setrið, skála F4x4, vegna fyrirhugaðra stækkunar friðlands Þjórsársvera.
- Koma fram fyrir hönd klúbbsins í málum er þessu viðkemur.

Nefndin er skipuð einum úr stjórn F4x4 ásamt öðrum úr Umhverfisnefnd ferðaklúbbsins. Stjórn skipar formann nefndarinnar.

Leitast er við að í nefndinni sé hópur félagsmanna sem áhuga hefur á málefnum og vilja til að setja fram sínar skoðanir til að örva megi umræðuna og um leið auka möguleika á breiðri samstöðu um þetta mikilvæga hagsmunamál.

Til þess að þetta náist skulu vera minnst 10 félagsmenn í nefndinni og allir jafn réttáir.

Nefndin skal upplýsa stjórn, deildir og nefndir klúbbsins um stöðu mála hverju sinni, t.d með útsendingu fundargerða og annarra upplýsinga um málefnið og um leið að leitast við að sem flestir félagsmenn verði upplýstir og jafnframt virkir um málefnið .

Nefndin skal starfa þar til lokið er skipulagsvinnu um miðhálendið og stækkun friðlands Þjórsársvera.

Nefndin getur fjölgað nefndarmönnum og leitað til stjórnar, nefnda og deilda klúbbsins ef þurfa þykir.

Fjárútlát eru háð samþykki stjórnar.

10. nóvember 2009